

**Sp. 523. Tillaga til þingsályktunar**

um endurskoðun siglingalaga og sjómannaalaga.

Flm.: Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög nr. 56 30. nóv. 1914, siglingalög, og breyting á þeim lögum frá 19. maí 1930, svo og lög nr. 41 19. maí 1930, sjómannaalög. Endurskoðun þessari sé lokið ekki síðar en fyrir árslok 1948.

**Greinargerð.**

Siglingalögin eru nú 32 ára og sjómannaalögin nær því að vera 17 ára gömul. Lög þessi voru á sínum tíma sniðin eftir sams konar lögum á Norðurlöndum, er þá voru um 8 ára gömul, er lögunum var breytt hér. Á þessum tíma hafa ýmsar breytingar verið gerðar á lögunum á Norðurlöndum og þá einkum á sjómannaalögunum, sem ekki hafa verið teknar upp hér. Nú er þegar mikil hreyfing uppi meðal farmanna og fiskimanna í þessum nágrannalöndum okkar að taka nú til ýtarlegrar endurskoðunar þessa löggjöf í heild. Þá má benda á, að islenzk félagsmálalöggjöf hefur á þessum tíma tekið miklum breytingum og í ýmsum atriðum gripið inn í einstök ákvæði sjómannaalaganna. Er því ástæða til að samræma þessa löggjöf og þá félagsmálalöggjöf, svo sem almannatryggingarnar, sem fjallar um skyld efni.

Þá verður því ekki neitað, að ýmis ákvæði gildandi löggjafar réttarlegs eðlis eru að verða úrelt og í ósamræmi við nútímakröfur á því sviði. Á það jafnt við um ýmis ákvæði siglingalaganna sem sjómannaalaganna. Endurskoðun þessara tveggja lagabálka er því mjög aðkallandi, og má vænta þess, að Alþingi geti fallizt á þau rök, er fyrir því liggja.